

**AUGLÝSING****um umferð í Borgarnesi.**

Innan takmarka Borgarness er leyfður hámarkshraði 45 km., skv. auglýsingu dómsmálaráðuneytisins birtri í 42. tbl. Lögbirtingablaðsins 17. júlí 1968.

*Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 12. ágúst 1968.*

F. h. s.

**Þorvaldur G. Einarsson, ftr.**

20. maí 1968.

Nr. 188.

**AUGLÝSING****um umferð á Seyðisfirði.**

Eftir tillögum bæjarstjórnar Seyðisfjarðar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð, samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968:

**1. Aðalbrautarréttur:**

- a. Austurvegur frá Fjarðarárbrú að vegamótum hans og nýs vegar frá Austurvegi 32 að Hafnargötu, svo og sá nýi vegur.
- b. Ránargata frá Fjarðarárbrú að Vestdalseyrarvegi.
- c. Bjólfsgata frá Öldugötu að Ránargötu.
- d. Brekkuvegur gagnvart umferð Miðtúns og Baugsvegar.

Aðalbrautir njóta þeirra forréttinda, að umferð bifreiða og annarra öku-tækja frá vegum, sem að þeim liggja, skal skilyrðislaust víkja fyrir umferð aðalbrautar, eða staðnæmast, áður en beygt er inn á aðalbraut, ef þess gerist þörf.

**2. Einstefnuakstur:**

Á Norðurgötu til suðurs frá Bjólfsgötu að syðri lóðamörkum hússins nr. 3 við Norðurgötu.

*Bæjarfógetinn á Seyðisfirði, 20. maí 1968.*

**Erlendur Björnsson.**

Nr. 189

**REIKNINGUR**

**Minningarsjóðs Gunnars Jakobsen 1967.**

**Tekjur:****1. Yfirfært frá fyrra ári:**

- |                                   |               |
|-----------------------------------|---------------|
| a. Söfnunarsjóðsbók nr. 421 ..... | kr. 21 463.42 |
| b. — — 572 .....                  | — 9 469.81    |

\_\_\_\_\_ kr. 30 933.23